



Stjórnarráð Íslands  
Forsætisráðuneytið

NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLI NR 183/2024

## **Stefnumótun á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar**

í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum island.is 18.09.2024 – 01.10.2024

Október 2024

## Efnisyfirlit

1.	Fyrirkomulag.....	3
2.	Málsefni .....	3
3.	Þátttaka.....	3
4.	Sjónarmið umsagnaraðila.....	3
	Yfirlit yfir umsagnir .....	3
	Almennt um efnisatriði í umsögnum.....	4
	SAMANTEKT UM UMSAGNIR .....	4
	Viðbrögð við umsögnum.....	9
5.	Næstu skref .....	10

## 1. FYRIRKOMULAG

Drög að tillögu Vísinda- og nýsköpunarráðs um framtíðarsýn stjórnvalda á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar voru birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum island.is og var fyrirkomulag málsins svo sem hér segir:

Slóð á mál nr. 183/2024	<a href="https://island.is/samradsgatt/mal/3822#view-advice">https://island.is/samradsgatt/mal/3822#view-advice</a>
Umsagnarfrestur:	18.09.2024 – 01.10.2024
Birting umsagna í samráðsgátt:	Umsagnir birtar jafnóðum.

Í almennri kynningu málsins kemur fram að niðurstöður samráðsins verði birtar þegar unnið hafi verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast.

Innsendar umsagnir verða hafðar til hliðsjónar við áframhaldandi stefnumótunarvinnu sem felur m.a. í sér vinnu að aðgerðaáætlun sem verður ásamt stefnunni lögð fyrir ríkisstjórn til samþykktar.

## 2. MÁLSEFNI

Í kynningu málsins í samráðsgáttinni segir svo:

Vísinda- og nýsköpunarráð starfar sjálfstætt og fjallar um stöðu vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar á Íslandi með tilvísun til alþjóðlegrar þróunar í stefnumótun á sviðinu, auk þess að vera ráðherra nefnd um vísindi og nýsköpun og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til ráðgjafar. Meðal hlutverka ráðsins er að gera tillögur um framtíðarsýn og meginmarkmið stefnu stjórnvalda og setja fram rökstuddar tillögur að umbótum með tilvísun í alþjóðlega þróun á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar.

Í meðfylgjandi drögum, sem eru bæði á íslensku og ensku, koma fram tillögur ráðsins að framtíðarsýn stjórnvalda og meginmarkmiðum stefnu stjórnvalda á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar til næstu tíu ára. Tillögurnar fjalla m.a. um hvernig megi styrkja stóðir íslensks nýsköpunar- og rannsóknahverfis, efla markvisst bæði hagnýtar rannsóknir og áhugadriðnar grunnrannsóknir og stuðla að framúrskarandi menntakerfi til hagsbóta fyrir núverandi og framtíðar kynslóðir.

Markmið samráðsins er að kalla eftir sjónarmiðum helstu hagaðila og almennings og um leið stuðla að upplýstri umræðu um mikilvægi vísinda, tækni og nýsköpunar fyrir íslenskt samfélag, lausn samfélagslegra áskorana og samkeppnishæfni atvinnulífsins.

## 3. ÞÁTTAKA

Fjöldi umsagna sem bárust í samráðsgátt:	Samtök: 5 Lögaðilar: 8 Einstaklingar: 1 <b>Samtals: 14</b>
------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------

Alls var rúmlega 100 aðilum boðið að veita umsögn um málið, m.a. var óskað umsagna frá öllum háskólum og fjölda annarra stofnana víða um land. Til að vekja athygli á samráðinu var birt tilkynning á vefsvæði Stjórnarráðs Íslands og sendi háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið tölvupóst á hagsmunaaðila og fagaðila á málefnasviðum nýsköpunar, rannsókna og þekkingagreina.

## YFIRLIT YFIR UMSAGNIR

Alls bárust 14 umsagnir frá eftirfarandi aðilum (upptalning í tímaröð): Þekkingarneti Þingeyinga, Háskólafélagi Suðurlands ehf., Indriða Þresti Gunnlaugssyni, Byggðastofnun, Fjórðungssambandi

Vestfirðinga, Austurbrú, Lífvisindasetri Háskóla Íslands, Háskóla Íslands, Samtökum þekkingarsetra, Rannís – Rannsóknamiðstöð Íslands, Listaháskóla Íslands, Hugverkastofnun, Hagstofu Íslands og ReykjavíkurAkademíunni.

## ALMENN EFNISATRÍÐI Í UMSÖGNUM

Almennt lýsa aðilar ánægju með drög tillögunnar einkum er varðar skilgreiningu skýrrar **fram tíðarsýnar** til lengri tíma á málefnasviðum vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar.

Til marks um þetta segir í umsögn Rannís að skýr fram tíðarsýn sé nauðsynleg forsenda þess að vísinda- og nýsköpunarstarf í landinu geti áfram verið í markvissri sókn og haldið áfram að vera á heimsmælikvarða. Háskóli Íslands lýsir einnig yfir ánægju með að fram sé komin tillaga að fram tíðarsýn stjórnvalda til ársins 2035 og telur að áherslur hennar og meginmarkmið sem fjalli um öflugan mannauð, sterka rannsókn- og gagnainnviði, samstarf, fyrirsjáanleika og sjálfbærni rími vel við stefnu Háskóla Íslands. Hvað varðar þann áhersluþátt fram tíðarsýnar að (...) „stefnt skuli að því að rannsóknir og nýsköpun verði 3,5% af vergri landsframleiðslu“ árið 2035 er það mat Háskóla Íslands að því markmiði mætti ná mun fyrr.

Margir umsagnaraðilar fagna því að í upphafi tillögunnar sé hugtakið *vísindi* skilgreint og að áhersla sé lögð á að þar undir falli allar fræðigreinar og aðrar kerfisbundnar rannsóknir. Í umsögn ReykjavíkurAkademíunnar er hvatt til þess að í stefnu stjórnvalda verði hugtakið *nýsköpun* einnig skilgreint og að stuðst verði við víðtæka skilgreiningu sem nái bæði til tækniþróunar og samfélagslegrar nýsköpunar. Hugverkastofan fjallar einnig um hugtakanotkun í umsögn sinni og telur að í stefnu stjórnvalda sé brýnt að fjalla um hugtakasambandið *hagnýting vísinda og nýsköpunar* sem sé (...) „grundvöllur þess að á Íslandi verði til hugverkadrifið hagkerfi sem auki verðmætasköpun og velsæld í samfélaginu.“ Þá fullyrðingu megi m.a. styðja með tilvísun í erlendar og innlendar úttektir um afrakstur og hagnýtingu nýsköpunar sem sé forsenda uppbyggingar öflugs og sjálfbærs atvinnulífs á grunni hugvits og þekkingar.

Í sex umsögnum er bent á að stefnumótun stjórnvalda þurfi að vera mun skýrari en fram komi í fyrirbyggjandi drögum varðandi þann þátt að hún nái til landsins alls og verði samþætt öðrum áætlunum stjórnvalda s.s. þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Umsagnir Bygðastofnunar, Austurbrúar, Háskólafélags Suðurlands, Samtaka þekkingarsetra, Vestfjarðarstofu og Þekkingarnets Þingeyinga eru samhljóða hvað varðar mikilvægi þess að í stefnu stjórnvalda sé með skýrum hætti dregin fram sú áhersla að efla og treysta innviði til nýsköpunar og rannsókna í byggðum landsins. Bygðastofnun hvetur til þess að orðalaginu „um allt land“ verði skeytt við umfjöllun um helstu áhersluþætti fram tíðarsýnar stjórnvalda í vísindum og nýsköpun og leggur til að í stefnu stjórnvalda verði í sérstökum kafla fjallað um eflingu rannsóknarvirkni, vísindastarfsemi og nýsköpunar í landsbyggðunum m.t.t. þeirra markmiða sem fram koma í gildandi byggðaáætlun. Austurbrú segir í umsögn sinni að mikilvægt sé að stjórnvöld leggi áherslu á að stefnumörkun Vísinda- og nýsköpunarráðs verði samþætt öðrum stefnum stjórnvalda líkt og sumum aðgerðum byggðaáætlunar t.d. þeim sem snerta uppbyggingu samvinnuhúsa á landsbyggðunum. Markmið þeirra felist í uppbyggingu innviða og þróun verkfæra sem efla og hvetja til nýsköpunar, rannsókna, vísindastarfs og frumkvöðlastarfsemi í smærri byggðalögum.

## SAMANTEKT UM UMSAGNIR

Hér á eftir er tæpt stuttlega á efnisatriðum allra innsendra umsagna, eftir stafrófsröð umsagnaraðila, einkum hvað varðar tillögur til úrbóta. Vísað er til umsagnanna til að fá glögga mynd af athugasemdum og ábendingum.

## **Austurbrú**

Í umsögn Austurbrúar kemur fram að mikilvægt sé að draga skýrt fram að efla þurfi sérstaklega innviði til nýsköpunar og rannsókna í byggðum landsins. Þá sé brýnt að skerpa á orðalagi hvað varðar aðgang að námi, óháð búsetu. Aukinheldur er bent á að forsenda gagnadrifinnar ákvarðanatöku, líkt og kveðið er á um í stefnumörkuninni, sé bætt aðgengi að gögnum með skýrri framsetningu og reglulegum uppfærslum.

## **Byggðastofnun**

Í umsögn stofnunarinnar er fjallað um mikilvægi þess að stefnumótun á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar ávarpi með beinum hætti sérstöðu landsbyggðanna. Það megi annars vegar gera með samþættingu við meginmarkmið byggðaáætlunar og hins vegar með sértækum hætti þar sem viðurkennt sé að aðstæður og áskoranir geti verið mismunandi eftir landshlutum og stærð byggða.

## **Háskóli Íslands**

Í umsögn Háskóla Íslands (HÍ) er m.a. fjallað um þriðja áhersluþátt tillögu að framtíðarsýn stefnu stjórnvalda um vísindi, tækniþróun og nýsköpun sem lýtur að menntun og menntakerfi. Bendir háskólinn á mikilvægi þess að fjalla sérstaklega um menntun á grunnskólastigi sem undirbúning fyrir þátttöku í vísindum og nýsköpun. Ljóst sé að tryggja þurfi betur en gert hafi verið að úr grunnskólum komi einstaklingar sem hafi bæði áhuga og hæfni til að fást við þær fræðigreinar sem nauðsynlegar eru til að takast á við samfélagslegar áskoranir.

Í umsögn háskólans er einnig fjallað um áherslu um gagnadrifna ákvarðanatöku og stefnumótun í opinberri stjórnsýslu við forgangsstöðun verkefna. Bendir háskólinn á mikilvægi þess að nýta vísindalegar niðurstöður til að meta árangur stefnumótunar og ákvarðanatöku. Hvað varðar áherslu tillögunnar á uppbyggingu sterkra rannsókn- og gagnainnviða með hliðsjón af íslenskum aðstæðum sem felist m.a. í háu menntunarstigi og sterkum innviðum segir HÍ að nauðsynlegt sé að skýra hvaða viðmið liggja til grundvallar þeim fullyrðingum. Hér á landi séu rannsóknainnviðir flestra fræðagreina veikir í alþjóðlegum samanburði og enn sé menntunarstig þjóðarinnar lægra en gerist í helstu samanburðarlöndum.

HÍ telur aukinheldur að mikilvægt sé að innleiddir verði árangursmælikvarðar í tengslum við skattfrádrátt vegna rannsókna- og þróunarverkefna nýsköpunarfyrirtækja. Nefnd eru dæmi um mælikvarða sem nýta mætti s.s. um fjölda einkaleyfa, birtingu rannsóknaniðurstaðna á ritryndum vettvangi og um þátttöku meistara- og doktorsnemenda í þeim rannsókna- og þróunarverkefnum sem hljóta skattfrádrátt.

## **Háskólafélag Suðurlands**

Í umsögn Háskólafélags Suðurlands er lagt til að skerpt verði á orðalagi sem fjallar um aðgengi að námi, sérstaklega framhaldsmenntun og símenntun til að mæta megi sýbreytilegum kröfum samfélags- og hagkerfis. Í því samhengi er dregið fram mikilvægi aðgengis að menntun í hinum dreifðari byggðum landsins.

## **Hagstofa Íslands**

Hagstofa Íslands fagnar áherslum tillögunnar á uppbyggingu rannsókna- og gagnainnviða. Sterkir rannsókna- og gagnainnviðir séu forsenda þess að þau markmið sem sett eru fram um aukna verðmætasköpun nái fram að ganga. Áherslu tillögunnar um styrkingu STEM greina styðji vel við uppbyggingu þessara innviða. Þó er, að mati hagstofunnar, ekki nóg að leggja áherslu á STEM greinar

á háskólastigi því byrja þurfi að móta þessa þekkingu á grunnskólastigi, og jafnvel fyrr. Þetta sjónarmið er samhljóma ábendingu Háskóla Íslands um tillöguna, um samfellu í undirbúningi nemenda fyrir þátttöku í vísindum og nýsköpun. Hagstofan telur að gera þurfi alþjóðasamstarfi hærra undir höfði í tillögu Vísinda- og nýsköpunarráðs, og þá sérstaklega hvað varðar mikilvægi samstarfsáætlana Evrópusambandsins.

Þá fagnar hagstofan metnaðarfullu markmiði stjórnvalda um að rannsóknir og nýsköpun verði 3,5% af vergri landsframleiðslu, og leggur áherslu á styrkingu gagnainnviða sem geti gert stjórnvöldum kleift að ná þessu markmiði. Slíkt væri í samræmi við ábendingar OECD um að leggja þurfi aukna áherslu á gagnadrifið árangursmat á aðgerðum stjórnvalda sem styðja eigi við stefnu og aðgerðir stjórnvalda á málefnasviðum vísinda og nýsköpunar.

## Hugverkastofan

Hugverkastofan tekur fram í umsögn sinni að drög að stefnumótun Vísinda- og nýsköpunarráðs séu faglega og vel unnin og styður heilshugar við áframhaldandi vinnslu og útgáfu þeirra svo vísinda- og nýsköpunarstarf á Íslandi hafa skýrt leiðarljós til framtíðar. Að auki setur stofan fram þrjár tillögur til úrbóta:

- Skilgreina þurfi nánar möguleika og sóknarfæri sem íslensk vísindi og nýsköpunarfyrirtæki hafi til að hagnýta sérstæða þekkingu og færni.
- Fjalla eigi um möguleika hagnýtingar í formi hugverkaréttinda þar sem einkaleyfi á uppfinningum veiti mjög öflugan vernd fyrir verðmæti sem verði til við rannsóknir og þróun. Þau skapi hvata til fjárfestinga og séu oft grundvöllur fyrir sókn í frekari fjárfestingar eða vöxt fyrirtækja.
- Í umfjöllun um áframhaldandi skattfrádrætti vegna rannsóknar- og þróunarverkefna þurfi að fjalla um hagnýtingu hugvits, svo sem með hvötum eða sérstökum stuðningi auk þess sem gera mætti breytingar á regluverki um endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunarverkefna hvað varðar stuðning við öflun einkaleyfa og annarra hugverkaréttinda.

## Indriði Þröstur Gunnlaugsson

Í umsögninni eru tilgreind fimm atriði til umhugsunar:

- Að stofnaður verði tækni- og nýsköpunarsjóður fyrir grasrótarkerfni til að fjármagna lítil verkefni sem hafi möguleika á að vaxta í nýsköpunarumhverfi.
- Að stofna og styðja við þverfaglegar miðstöðvar þar sem vísindamenn, listamenn, tæknifólk og frumkvöðlar vinni saman að verkefnum.
- Að koma á fót sérstakri samstarfsáætlun við alþjóðlegar rannsóknarstofnanir og nýsköpunarfyrirtæki með áherslu á að laða til Íslands þá sem vinna að sjálfbærni, grænni tækni og loftslagslausnum. Ísland gæti þannig verið miðpunktur sjálfbærra nýsköpunarverkefna.
- Að styrkja og þróa stafræna innviði, t.d. gagnavinnslukerfi sem nýti gervigreind og skýjalausnir, fyrir rannsóknarkerfni á Íslandi. Það myndi auðvelda aðgengi að tækni sem gæti hraðað rannsóknum og aukið samkeppnishæfni landsins á heimsvísu.
- Að innleiða frumkvöðlamenntun í grunn- og framhaldsskóla til að hvetja unga nemendur til nýsköpunar og skapandi lausna. Þetta mætti gera með því að tengja kennslustofuna beint við raunveruleg nýsköpunarkerfni í atvinnulífinu.

## Listaháskóli Íslands (LHÍ)

LHÍ fagnar tillögu Vísinda- og nýsköpunarráðs í umsögn sinni og segir það sérstaklega ánægjulegt að sjá áherslu um samþættingu lista og vísinda. Skólinn leggur til að tilgreint verði að stefna eigi að fjölgun útskriftarnema á sviðum listgreina þar sem fjallað er um að sér íslenskar aðstæður geti stuðlað að framúrskarandi hæfni og árangri.

## Lífvisindasetur Íslands

Í umsögn sinni leggur Lífvisindasetur Íslands sérstaka áherslu á eftirtalda þætti:

- Til að markmið um uppbyggingu á því þekkingarsamfélagi sem lýst er í tillögunni geti raungerst þurfi mikla viðspyrnu í fjármögnun innlendra samkeppnissjóða á sviði grunnvísinda.
- Að brýnt sé að fjölga útskriftarnemendum í STEM greinum, en jafnframt þurfi að tryggja gæði menntunar á þessum fræðasviðum. Sérstökum stuðningi við framhaldsmenntun í STEM greinum þurfi að fylgja fjármagn til að tryggja megi gæði í rannsóknartengdu framhaldsnámi.
- Tryggja þurfi gæði þjálfunar nemenda í heilbrigðistengdu framhaldsnámi sem og stuðning við nýsköpun í heilbrigðisgeiranum. Setja þurfi á sérstakan samkeppnissjóð í heilbrigðisvísindum fyrir bæði heilbrigðisstofnanir og háskólaumhverfið og styrkja bæði grunnrannsóknir sem og klínískar rannsóknir.
- Að nefna þurfi sérstaklega áherslu á grunnrannsóknir, sem leið til að búa til nýja þekkingu og grundvallarforsendu framfara. Beinn fjárhagslegur ábati samfélagsins af grunnrannsóknum sé gríðarlegur. Leggja eigi sérstaka áherslu á að efla fjármögnun grunnrannsókna á Íslandi.
- Að taka þurfi fram að hvatar í formi skattafrádráttar séu mikilvægir fyrir nýsköpun, ekki síst fyrir sprotafyrirtæki sem eru að koma nýjum hugmyndum í hagnýtingu. Þó verði að gæta þess að slíkur stuðningur sé ekki á kostnað fjárfestingar í grunnrannsóknum.
- Að nefna þurfi að uppbyggingu rannsóknainnviða fylgi sérfræðiþekking og þjónusta þannig að nýting innviðanna verði markviss og aðgengileg.

## Samtök þekkingarsetra

Samtök þekkingarsetra taka undir mikilvægi áherslunnar á hinar svokölluðu STEM greinar. Nýrri og framsæknari áhersla þar sem listir eru hluti af jöfnunni – STEAM, væri þó enn sterkari nálgun og sú sem mjög víða er orðin ráðandi. Með því að bæta listum við er ekki verið að draga úr mikilvægi hinna hefðbundnu STEM greina, heldur auka við og efla sköpunarþáttinn. Þannig verði nemendur betur undirbúnir til að gera grein fyrir sinni vísindalegu þekkingu og hæfari í að leggja fram lausnir á skapandi hátt.

## Rannís

Rannís fagnar því að sett sé fram skýr sýn á hvernig útgjöld til rannsókna og þróunar eigi að þróast á næstu tíu árum. Að mati stofnunarinnar sé það metnaðarfullt markmið að rannsóknir og nýsköpun nemi 3,5% af vergri þjóðarframleiðslu í lok tímabilsins sem gefi fyrirheit um að sótt verði fram af enn meiri krafti á þessum sviðum á næstu árum en verið hefur.

Til að ná markmiði um 3,5% þurfi árleg útgjöld að aukast um meira en 30 milljarða umfram þá aukningu sem þarf til að halda í við hagvöxt. Opinber útgjöld til rannsókna og nýsköpunar þurfi því að aukast töluvert og er heppilegast fyrir vísindasamfélagið og þekkingarhagkerfið að sú aukning sé markviss og að fyrirsjáanleiki ríki í fjármögnun bæði samkeppnissjóða og í stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki. Núgildandi fjármálaáætlun geri ekki ráð fyrir aukningu í málaflokkinn eins og nauðsynlegt væri ef takast á að ná þessu markmiðum.

Rannís legur til að sett verði fram fjórða stoðin í framtíðarsýninni sem gæti heitið *Öflugt alþjóðlegt samstarf* þar sem fjallað væri um mikilvægi þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi og hvernig stjórnvöld sjá fyrir sér að það geti þróast næsta áratuginn. Í því sambandi bendir Rannís á að núgildandi tímabil allra samstarfsáætlana ESB renni út árið 2027 og íslensk stjórnvöld þurfi að taka ákvörðun um áframhaldandi þátttöku í því samstarfi innan þriggja ára.

## ReykjavíkurAkademían

ReykjavíkurAkademían leggur til að við stefnuna verði bætt áhersluþætti sem fjalli um að árið 2035 hafi rannsóknir og nýsköpun sem beinast að íslensku samfélagi og mannlífi verið styrktar í sessi. Ætla megi að aukið aðgengi almennings að fræðilegu efni um menningu og samfélag sem er ritað á íslensku geti lagt grunn að fjölbreyttri, gagnrýnni og frjórri samfélagsumræðu. Slíkt gæti aukin heldur bætt aðgengi frumkvöðla, stofnana og fyrirtækja að fræðilegu efni á íslensku sem án efa nýtist til nýsköpunar á sviði mennta og menningar.

ReykjavíkurAkademían leggur til að leiðarljós rannsókn- og nýsköpunarstarfsemi verði einnig að auka þekkingu:

Árið 2035 er öflugt rannsóknauhverfi á Íslandi þar sem fjölbreyttur hópur hæfileikaríks fólks vinnur saman að öflun og miðlun þekkingar. Leiðarljós rannsókn- og nýsköpunarstarfsemi er að ***auka þekkingu*** og skapa ný tækifæri og byggja upp færni til að leysa samfélagslegar áskoranir til lengri tíma. Stefnt er að því að rannsóknir og nýsköpun verði 3,5% af vergri landsframleiðslu.

Á sama hátt verði eitt af hlutverkum íslensks rannsóknauhverfis að styrkja samfélagsgerðina.

Árið 2035 er íslenskt rannsóknauhverfi nægilega vel í stakk búið til þess að leggja ríkulega til þeirrar sammannlegu viðleitni að bæta heilsu, hagsæld og lífsgæði almennings, ***styrkja samfélagsgerðina*** og vernda umhverfið, bæði með markvissum hagnýtum rannsóknum á lykilsviðum og opinberri stefnumótun sem styður við áhugadriðnar grunnrannsóknir á öllum fræðasviðum. Nýsköpunardrifið þekkingarsamfélag og hagkerfi býr þannig yfir vísindalegri sérfræðiþekkingu og nýtur góðs af kunnáttu og þekkingarsköpun leiðandi vísindafólks og frumkvöðla á heimsvísu.

## Vestfjarðarstofa

Fjórðungssamband Vestfjarða telur að stefnumótunin þurfi með skýrum hætti að horfa til landshlutabundinna áætlana þ.e. sóknaráætlana og svæðisskipulags.

Fjórðungssambandið tekur undir þá áherslu tillögunnar að undirstrika mikilvægi sviða þar sem íslenskar aðstæður stuðla að framúrskarandi hæfni og árangri. Hins vegar megi skerpa á áherslu á fagsvið sem nefnd eru með vísan til “sjálfbærra fiskveiða”. Lagt til að fagsviðið ***sjálfbær nýting sjávarauðlinda*** verði fremur notað, enda séu fiskveiðar aðeins hluti af nýtingu sjávarauðlinda. Árétuð er hin vaxandi nýting strandsvæða við landið, eldi og ræktun sjávardýra og gróðurs (Lagareldi), samhliða vöktun og rannsóknum á umhverfi strandsvæðanna.

## Þekkingarnet Þingeyinga

Í umsögn þekkingarnetsins er fjallað um mikilvægi þess að efla og treysta innviði til nýsköpunar og rannsókna í byggðum landsins.

Lagt er til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við í viðeigandi kafla stefnunnar:

„Íslenskt atvinnulíf hvílir á grunni auðlinda og einstakrar, fjölbreytilegrar náttúru um land allt. Sama gildir um íslensk áhersluþætti í rannsóknastarfi sem eðli máls samkvæmt sækja efnivið til alls landsins. Stórir og mikilvægir atvinnuvegir Íslands byggja á þessum orkuauðlindum, nýtingu lands með fjölbreytilegum hætti og hagnýtingu náttúrunnar í hinum dreifðu byggðum landsins. Til að stuðla að eðlilegri framþróun í atvinnulífi og rannsóknastarfi er mjög mikilvægt að treysta innviði til nýsköpunarstarfs, rannsókna og menntunar í dreifðum byggðum landsins.“



## VIÐBRÖGD VIÐ UMSÖGNUM

Í umsögnunum komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar og var brugðist við þeim með eftirfarandi hætti:

Vísinda- og nýsköpunarráð fagnar góðri þátttöku í samráði um drög að tillögu að stefnu stjórnvalda um vísindi og nýsköpun. Ráðið ræddi innsendar umsagnir og gerði í kjölfarið margvíslegar breytingar á þeim drögum sem birt voru til samráðs. Við gerð aðgerðaáætlunar sem fylgja mun stefnunni verður enn fremur litið til innsendra umsagna.

Helstu breytingar á tillögu Vísinda- og nýsköpunarráðs eru eftirfarandi:

- Skilgreining á hugtakinu nýsköpun hefur verið bætt við textann.
- Skerpt hefur verið á texta um að stefnan nái til landsins alls. Þannig segir nú í áhersluþáttum: „... Árið 2035 er framúrskarandi menntakerfi á Íslandi sem eflir forvitni, sköpunargleði og gagnrýna hugsun nemenda frá unga aldri. Inngilding er höfð að leiðarljósi þar sem menntun við hæfi er aðgengileg um **land allt**. Jafnframt segir síðar í stefnunni „ ... Áhersla á framhalds- og símenntun um **land allt** skapar þannig bæði aukin tækifæri fyrir einstaklinga og er til hagsbóta fyrir efnahagslegar framfarir og áfallaþol samfélagsins.....“. Benda má einnig á að stefnan sjálf segir ekkert um sérstöðu ákveðinna landssvæða, og þannig nær stefnan til landsins alls.
- Sérstaklega er fjallað um mikilvægi menntunar á grunnskólastigi í markmiði 2 undir öflugum mannaúði.
- Umfjöllun um skattfrádrátt vegna rannsókna- og þróunarverkefna nýsköpunarfyrirtækja er nú hluti af víðara markmiði um að efla nýsköpun með víðtækum fjárfestingum einkageirans. Þar er fjallað um mikilvægi skýrrar stefnu stjórnvalda til að ná því markmiði.
- Alþjóða samstarfi hefur verið gert hærra undir höfði í stefnunni. Stoð tvö í stefnunni heitir nú „Sterkir innviðir og samstarf“ og undir þeirri stoð er sérstakt markmið um alþjóðlegt samstarf, sem Vísinda- og nýsköpunarráð telur mjög mikilvægt.
- Mikilvægi þverfagleika í rannsóknum og nýsköpun fær nú hærri sess en áður í stefnunni. Sérstakt markmið (nr. 3) undir „Sterkir innviðir og samstarf“ fjallar nú um að styðja virkt samstarf milli fræðasvæða, þar sem bent er á samstarf lista og vísinda sem dæmi.
- Í umfjöllun um markmið um STEM greinar hefur verið bætt texta um mikilvægi samstarfs þeirra og listagreina. Þá er einnig lögð skýr áhersla á mikilvægi **gæða** menntunarinnar.
- Umfjöllun um mikilvægi samkeppnissjóða fjallar nú með skýrari hætti um að ekki er einungis verið að tala um styrki til rannsókna heldur einnig stuðning við nýsköpun og tækniþróun.
- Kafli um sterka innviði hefur tekið þeim breytingum að þar er nú sérstaklega vísað í að taka skuli mið af meginviðmiðum um opin vísindi og að gögn skuli vera: „eins opin og mögulegt er og eins lokuð og nauðsyn krefur“. Í kaflanum er nú fjallað um rannsókna-, tækni- og gagnainnviði til að skerpa á mikilvægi ólíkra tegunda en þó tengdra innviða.
- Víða í tillögu að stefnu er talað um árangur og var bent á það í samráði að mikilvægt væri að meta árangur vísinda- og nýsköpunarstarfs. Lagt er til að það sé gert í aðgerðaáætlun.
- Meiri áhersla er lögð á hagnýtingu þekkingar og gert ráð fyrir að leggja frekari áherslu á hana í aðgerðaáætlun.

#### 4. NÆSTU SKREF

---

Á sameiginlegum fundi Vísinda- og nýsköpunarráðs og ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun þann 11. október 2024 samþykkti ráðherranefndin að áframhaldandi stefnumótunarvinna við aðgerðaáætlun á sviði vísinda-, tækniþróunar og nýsköpunar skyldi byggja á framlagðri tillögu Vísinda- og nýsköpunarráðs.